



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 15.10. '19

Úrskurður aganefndar 15. október 2019

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Elliði Snær Viðarsson leikmaður ÍBV hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik ÍBV og Selfoss í mfl. ka. þann 9.10. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
2. Agnar Ingi Rúnarsson leikmaður Afturelding U hlaut útilokun með skýrslu vegna leikbrots í leik Aftureldingar U og HK U í mfl. ka. þann 9.10.2019. Í agaskýrslu frá dómurum kemur fram að við endurmat á atvikinu hafi þessi ákvörðun verið röng og rauða spjaldið því dregið tilbaka. Niðurstaða aganefndar er því að ekki skuli aðhafst frekar í málinu og spjaldið mun því ekki gilda ef kemur til ítrekunaráhrifa vegna rauðra spjalda.
3. Hjalti Már Hjaltason leikmaður Víkings hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik Víkings og Þórs Ak. í mfl. ka. þann 12.10. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
4. Þórður Tandri Ágústsson leikmaður Þórs Ak. hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik Víkings og Þórs Ak. í mfl. ka. þann 12.10. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
5. Atli Már Báruson leikmaður Hauka leikmaður Hauka hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Vals og Hauka í mfl. ka. þann 12.10.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 b). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands





6. Óli Björn Vilhjálmsson leikmaður Harðar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu í leik ÍBV U og Harðar í mfl. ka. þann 13.10. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd veur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.

7. Matthías Daðason leikmaður Fram hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik Fram og ÍR í mfl. ka. þann 14.10. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 17. október 2019.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

